22. Skip í Stokkseyrarhreppi og um flutning þess býlis.

---

1 blað qto. Rvík, 12.febrúar 1938.

## Skip í Stokkseyrarhreppi og umflutning þess býlis.

„Tómas einn maður nefndur, er bjó vestur á ........ (Snæfellsnesi?) ógiftur og hélt bústýru og tók til uppeldis pilt og stúlku. Pilturinn dó 18 vetra voff (ífleygi?) en Tómasi varð svo um að hann seldi(?) eigur sínar allar og eirði hvergi þar um sveitir, fór svo sveit úr sveit, þar til hann komst að Hrauni í Ölvesi, var þar um lítinn tíma, fór þaðan að Steinsstöðum í Eyrarbakka og var þar lítinn tíma, þaðan að Stórahrauni, giftist þar og dó þar og átti einn son er Hannes hét; en sá Hannes fór að Skipum í sömu sveit og átti dóttur Ingimundar, er Skipana flutti, og bjó þar allan sinn búskap; eftir hann tók jörðina Jón, er átti dóttur Hannesar og bjó þar sinn aldur, sem var 75 ár. Eftir hann tók jörðina hans son (sonarson) Guðmundur og var þar allan sinn aldur, sem var 79 ár, og eftir hann hans sonur, Magnús, tók jörðina og var á henni í 66 ár og svo Guðmundur Magnússon um 11 ár. Nú er (þar) Guðrún Magnúsdóttir, 1847.

Þetta er skrifað eftir gömlum blöðum, sem ég hefi fundið í Skipum.

Th. K."

---

„Þetta ofanritaða hefi ég skrifað upp eftir lausu blaði, sem ég fann í skjalarusli Þorleifs sál. á Háeyri eftir lát hans. Það var allt rotið. Þó var þetta blað læsilegt að mestu.

Br(ynjólfur) J(ónsson)

(frá Minnanúpi) 23/12-1906."

snú við!

Ofanritaða frásögn þeirra Þorleifs sál. Kolbeinssonar á Háeyri og síðan undirritaðs af Brynjólfi sál. Jónssyni frá Minnanúpi, hefi ég skrifað hér til varðveizlu frá glötun, sökum þess, að hún segir frá ýmsu því, er engir vita nú og m. a. þess, að Hannes Tómasson hefi sá maður heitið, er átti dóttur Ingimundar, þess, er flutti bæinn að Skipum þar sem hann er nú og að Jón nokkur, er átti dóttur Hannesar, og ~~hefir hann~~ (og komist hefði) verið frá-afi og frá-amma Guðrúnar í Skipum, konu Símonar Björnss.

Reykjavík, 12. febrúar 1938.

Jón Pálsson

x Snú við!

1. Guðmundur
2. Jón
3. Hafliði Jónsson f. 1649
4. Guðmundur Hafliðason d. um 1760
5. Magnús Guðmundsson f 1771
6. Guðrún Magnúsdóttir

Ætt Guðrúnar á Skipum

Hvort þessi ættfærsla er sannkvæm framanrituðu virðist mér vafasamt

<u>Athugist!</u>